

**Sp.**

**247. Tillaga**

til þingsályktunar um aðstoð við fiskibáta og eftirlit með veiðarfærum.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að hægt sé að hafa varðskip eða varðbát til aðstoðar fiskibátum og eftirlits með veiðarfærum á vertíð á þeim stöðum við landið, þar sem slík aðstoð og eftirlit er talið nauðsynlegt.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi er fram komin meðal annars í tilefni af ályktun, sem samþykkt var á fundi, sem boðað var til af útvegsmönnum í Gerðahreppi 28. þ. m., og skýrslum, sem þar voru gefnar um tjón það, sem útvegsmenn á Reykjanesi hafa beðið af ágangi togara á síðustu vertíðum. Flutningsmaður þessarar tillögu, sem staddur var á fundinum, fékk mjög eindregin tilmæli frá ýmsum fundarmönnum um að styðja að því, að teknar yrðu til greina kvartanir útvegs-

manna í þessum efnunum. Var þess og getið, að kvörtunum útvegsmanna í fyrravetur hefði lítt verið sinnt í ráðuneyti því, er stjórnaði landhelgisgæzlunni. Þykir mér rétt, að Alþingi verði kunn greinargerð sú, er tillögunni fylgdi af hálfu fundarboðenda, en sú greinargerð var svo hljóðandi:

„Við Faxaflóa stunda fiskveiðar um 100 vélbátar 12—50 smálesta að stærð, og þar að auki fjöldamargir opnir bátar. Sýnist full þörf að hafa skip til taks, ef þarf að veita aðstoð einhverjum af þessum bátum.

Gagnvart eftirliti með veiðarfærum viljum við upplýsa þörfina hvað við kemur Miðnessjó. Undanfarnar vertiðir hefir ágangur togara verið mjög mikill, og aukizt með hverri vertið. Síðastliðna vertið kom það mjög oft fyrir, að svo til hver einasti af bátum þeim, sem stunduðu veiðar frá Sandgerði, tapaði línu í togara, frá 3 til 4 bjóðum hver bátur, og það stundum dag eftir dag. Það þarf ekki að taka fram, hversu gífurlegt tjón þetta er. Og ef þetta heldur áfram að aukast og ekkert er að gert, getur þetta orðið til þess að gereyðileggja aflamöguleika með línu á þessum slóðum. Ef varðskip væri á þessum slóðum, þegar ágangur togara er sem mestur, sérstaklega ef með því væri maður, sem þekkti til á miðunum, gæti það gert mikið gagn, með því að bægja togurum frá línu-svæðinu. Nokkrir bátar hafa talsenditæki. Æskilegt væri, að varðskip hefði samband við þá sem oftast og fáu upplýsingar hjá þeim um ágang togara.“

Það er vitanlegt, að á ýmsum fleiri stöðum er þörf slíkrar aðstoðar, sem hér um ræðir, og eftirlits með því, að eigi séu skemmd veiðarfæri. Tillagan fjallar um, að stjórnin geri ráðstafanir til, að þetta geti komizt í framkvæmd.

Til þess að svo megi verða, mun vera þörf nokkurrar endurskipulagningar á landhelgisgæzlunni. Enda er nú tækifæri til þess í sambandi við undirbúning þann, sem nú þegar er hafinn um byggingu björgunarbáta á ýmsum stöðum. Ættu þessir bátar að annast landhelgisgæzlu og þá jafnframt það starf, sem tillagan gerir ráð fyrir, en rikissjóður að greiða rekstrarkostnað. Myndi verða að þessu mikill sparnaður fyrir rikissjóð, samanborið við það, að séð sé fyrir landhelgisgæzlu og björgunarstarfi með stórum skipum eingöngu.

Nánar í framsögu.